

Skýrsla um erlent samstarf 2019-2020

Á haustmánuðum 2019 tók Auður Þóra Björgúlfsdóttir alfarið við sem verkefnastjóri erlendra samskipta. Verkefni tengd erlendum samskiptum og ferðum erlendis voru af ýmsum toga en á vorönn setti heimsfaraldur kórónaveiru strik í reikninginn.

1. Skólaheimsóknir og undirbúningsferðir starfsfólks

Í nóvember fóru Hjalti Jón Sveinsson skólameistari og Auður Þóra í stutta ferð á vinnufund til Danmerkur. Ferðin var vegna undirbúnings samstarfsverkefnis og til að sitja vinnustofu um umhverfismál í Ingrid Jespersens Gymnasieskole. Þau sátu einnig sambærilegan fund í Eistlandi í janúar en þá var Gustav Adolf Grammar School í Tallin sóttur heim og meðal annars gengið frá samkomulagi um að skólarnir tveir gætu sent starfsfólk sín á milli í starfsþjálfun ef vilji væri fyrir hendi meðal starfsfólks og styrkur fengist.

2. Móttaka erlendra gesta

Heimsóknir erlendra kennara og nemenda færast í vöxt. Fjöldi fyrirspurna berst og er reynt að verða við þeim eftir því sem tækifæri gefst til. Gestir sem heimsóttu Kvennó skólaárið 2019-2020 voru frá hinum ýmsu löndum, þ.á.m. Danmörku, Hollandi og Noregi. Tveir sænskir hópar höfðu einnig boðað komu sína á vormánuðum en úr því varð ekki vegna heimsfaraldursins.

Aðallega var um að ræða stuttar heimsóknir kennara með nemendahópa sem komu þá og fengu kynningu á skólanum og litu við í kennslustundum.

3. Samstarfsverkefni

„Student voices“ sem styrkt er af í Erasmusplus KA2 áætluninni lauk í upphafi haustannar. Kvennaskólinn var þátttakandi í verkefninu ásamt Reykjavíkurborg, Landakotsskóla og skólum í Finnlandi og Danmörku.

Þá var sótt um styrk í KA2 áætluninni fyrir tveimur samstarfsverkefnum með skólum frá nokkrum löndum í báðum tilfellum. Styrkur fékkst fyrir öðru þessara verkefna sem nefnist Mobility in the age of #StayHome - Where are we going? En í verkefninu taka skólar frá Þýskalandi, Póllandi, Englandi og Eistlandi þátt ásamt Kvennaskólanum.

4. Umsóknir

Kvennaskólinn í Reykjavík sótti um styrki úr Erasmus+ KA1 áætluninni vegna endurmenntunarnámskeiða og starfsþjálfunar í Evrópu fyrir hóp starfsmanna skólaárið 2020 – 2021 en umsóknin lenti á biðlista og vegna heimsfaraldursins verður ekki reynt að fá úthlutað styrk af þeim biðlista.

5. Áfangar með borgarferð

All mörg undanfarin ár hafa verið kenndir nokkrir áfangar við Kvennaskólann þar sem farið er í borgarferð, svokallaðir Berlínar-, Parísar-, og Skotlandsáfangar. Í tengslum við þá fóru stór hópur nemenda til Berlínar í námsferð á haustönn ásamt þýskukennurum. Annar stór hópur fór til Parísar ásamt frönskukennurum í tengslum við þann áfanga. Þá var farið með hóp nemenda til Skotlands þar sem Glasgow og

Edinborg voru sóttar heim. Björk Þorgeirsdóttir námstjóri fylgdi hópnum sem fararstjóri ásamt kennara áfangans.

Borgaráfangarnir eru kenndir í vali og er hver þeirra 5 einingar. Nemendur bera sjálfir allan kostnað af þessum ferðum og kennarar þessara áfanga sjá að öllu leyti um þá án aðkomu verkefnastjóra erlendra samskipta. Sjá nánar áfangalýsingar á heimasíðu skólans: <http://www.kvenno.is/kvennaskolinn/afangar/>.

Reykjavík, september 2020

Auður Þóra Björgúlfsdóttir, verkefnastjóri erlendra samskipta